

# Morgunblaðið

39. árgangur.

202. tbl. — Laugardagur 6. september 1952

Frentsmíðja Morgunblaðsins.

## ÍÐNSÝNINGIN OPNUÐ Í DAG

**Sýnir iðnbyltinguna sem hér hefur orðið — og gæði íslensks iðnvarnings**

Í DAG kl. 2 e. h. verður opnuð af Forseta Íslands stærsta og fjölbreyttasta iðnsýning, sem nokkurn tíma hefur verið haldin hér á landi. Iðnsýningin 1952 hefur sína jafningja aðeins í Landbúnaðarsýningunni og Reykjavíkursýningunni. Frá því að síðasta iðnsýning var haldin 1932 hefur orðið hér á landi slík iðnbylting, að sýningin nú var aðeins möguleg, vegna þess að óvenjulega stórt húsrými fékkst í hinn nýju Iðnskólabyggingu. Og iðnsýningin 1952 mun ljóslega bera þess vott í margbreytileik sínum, að íslenskur iðnaður er orðinn mikilvægari þáttur í þjóðarþúskapnum en margir hafa gert sér ljóst. Síðast en ekki síst á hún að sanna það, að íslenskar iðnaðarvörur á ýmsum sviðum standa erlendum ekki að baki hvorki um gæði né verð.

### FJÓRAR ÍÐNSÝNINGAR ÁBUR Í REYKJAVÍK

Mbl. sneri sér til Guðbjörns Guðmundssonar, prentara, sem á sæti í undirbúningsnefnd Iðnsýningarinnar, og skýrði hann svo frá að áður hafi verið haldnar fjórar iðnsýningar í Reykjavík, allar á vegum Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur. Sú fyrsta var haldin 1883 í barnaskólanum, sem þá var við Pósthússtræti, en sú bygging er nú lögreglustöðin. Næsta sýning var haldin 1911 í sambandi við 100 ára hátíð Jóns Sigurðssonar, sú þriðja 1924 og fjórða 1932 en þessar þrjár voru allar haldnar í Miðbæjarbarnaskólanum. Iðnsýningin nú er jafn umfangsmikil og allar þær fyrri til samans.

### ÍÐNBYLTING Á SÍÐUSTU 20 ÁRUM

Það er athyglisvert að kynna sér þá gerhyllingu, sem orðið hefur í íslenskum iðnaðarmálum frá því síðasta sýning var haldin 1932. Mestu veldur þar um aukin raforka, virkjun Sogsins, sem hefur skapað möguleika fyrir síukinni rafvélanotkun. Iðnaður okkar er alltaf meir og meir að færast úr handiðnaði yfir í verk smiðjuíðnað. Og nú er stóriðja í uppsiglingu hér, þar sem er áburðarverksmiðja í Gufunesi sem hafin er smiði á og Sementsverksmiðjan, sem í undirbúningi er að koma upp á Akranesi.

### MIKILL HLUTI ÞJÓÐARINNAR LIFIR AF IÐNAÐI

Alla þessa stórkostlegu þróun er ætlast til að iðnsýningin beri vott um. Það verður ekki gengið fram hjá þeirri staðreynd að 30 til 40% þjóðarinnar hafa nú afkomu sína beinlínis af iðnaði og sú hlutfallstala hlýtur óhjákvæmilega að fara hækkandi, því að aðrar atvinnugreinar geta ekki tekið á móti allri aukningu vinnu afls.

### RÉTT MAT Á EIGIN IÐNAÐI NAUÐSYNLEGT

Einn helsti tilgangur með iðnsýningunni verður að sanna fyrir sýningargestum, að framleiðsla iðnaðarins er á mörgum sviðum fyrsta flokks og stendur ekki að baki erlendum iðnaði. Einhverjir mestu erfiðleikar iðnaðarins fram til þessa stafa af vanmati þjóðarinnar á sínum eigin iðnaði. Þetta fyrirbæri er ekkert sérstakt fyrir Ísland. Þess hefur gætt í öllum löndum, og má nefna fjölmörg dæmi upp á það.

### Járnsmiðurinn.



JÁRNSMIÐURINN EFTIR ÁSMUND SVEINSSON ER MERKI ÍÐNSÝNINGARINNAR

### Opnun Iðnsýningarinnar

ÍÐNSÝNINGIN 1952 verður opnuð gestum kl. 2 e. h. í dag. Sveinn Guðmundsson, formaður undirbúningsnefndar flytur ávarp. Þá mun Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, opna sýninguna. Þá heldur Bjarni Benediktsson iðnaðarmálaráðherra ræðu og að lokum talar Gunnar Thoroddsen borgarstjóri. Kl. 5 e. h. verður sýningin svo opnuð almenningi.

Frh. á bls. 12.

### Jón Stefánsson: Strokuhesturinn.



Í fremsta sal Listasafnsins er nú á yfirlitssýningu Jóns Stefánssonar hin fræga mynd hans „Strokuhesturinn“. Þessi mynd er eign Lárusar Jóhannessonar hrl. Yfirlitssýningu Jóns Stefánssonar lýkur annað kvöld og eru því nú síðustu forvöð fyrir listunendur bæjarins að nota sér þetta einstaka tækifæri til að kynna list þessa ágæta íslenska málara.

## Einvaldurinn, sem var steipt af stóli árið 1931, kosinn forseti nú

Einkaskeyti til Mbl. frá Reuter-NTB, SANTÍAGÓ, 5. sept. — Það verður ráðið af síðustu tölunum frá forsetakosningunum í Síle, að fyrrverandi einvaldur landsins, Carlos Ibanez, hershöfðingi, muni vinna sigur. Hefir hann þegar hlotið 433 þúsund atkvæði, Arturo Matte, sem frjálslýndir og hægri menn styðja, hefir fengið 253 þúsund, frambjóðandi rötækra 184 þúsund atkvæði og frambjóðandi kommúnista 51 þúsund atkvæða.

### HREINN MEIRIHLUTI

Til að hljóta kosningu verður frambjóðandi að hljóta hreinan meirihluta atkvæða, að öðrum kosti kys þingið um tvo þá hæstu, og verður sá atkvæðaflesti þá venjulega fyrir valinu.

### Í ÚTLEGG 1931

Ibanez hershöfðingi hefur heitið að skapa nýtt Síle. Hann er þekktur að fjandskap við Bandaríkin eins og Peron, svo að sigri hans er vel fagnað í Búenos Aires þar sem hann bjó landflotta eftir að honum var steipt af stóli 1931.

Stuðningsmenn hans vænta þess, að hann verði öflugur stjórnandi, skapi jafnvægi í fjármálalífni og sigrist á verðbólgunni.

### ÓSPEKKTIR Á FIMMTU-DAGSKVÖLD

Forsetakosningarnar hafa ekki farið fram þegjandi og hljóðalaust. Á fimmtudagskvöldið voru haldnir margir æsingafundir gegn ríkisstjórninni. Útvarpsstöðvum höfuðborgarinnar var lokað, af því að einhverjar sendu út áróður fyrir Ibanez. Aðeins ríkisútvarpið fær að segja fréttir

af kosningunum. Lögreglan beitti tárugasi til að sundra mannfjöldanum.

### HEFIR GENGID Á ÝMSU

Ibanez er fæddur 1877. Hann var forseti 1927, en hrifsaði völdin mest öll í sínar hendur og stjórnaði sem einræðisherra. — Smám saman óx andúðin gegn honum, svo að honum var steipt af stóli í júlí 1931, eftir blóðugar óeirðir. Hann kom heim úr útlegðinni 1938 og reyndi að ná forsetakosningu en var varpað í dýflissu, en fljótlega látinn laus. Énn var hann handtekinn fyrir byltingarbrölt 1948, en var sýknaður.

## Víxilfalsanir í Stekkhólmi

STOKKHÓLMI, 5. sept. — Allir stærstu bankarnir hafa orðið fyrir stórfelldum víxilsvikum, og er sakamálaögregla borgarinnar önnum kafin við rannsókn málsins.

Komið hefir á daginn, að það er fimmtugur veitingasali, Olsson að nafni, sem hefir náð þannig undir sig a. m. k. 200 þúsund um króna, en líklega er upphæðin miklu meiri.

En veitingamaðurinn er gersamlega horfinn, og hefir sú óvenjulega tilkynning verið gefin út, að hver, sem rekist á þrjótinn, geti tekið hann höndum og framselt lögreglunni. — Reuter-NTB.

## Eigur Hitlers falli til ríkisins

VÍNARBORG, 5. sept. — Austurrískur dómstóll kvað upp þann úrskurð í dag, að allar eigur Adólf Hitlers í landinu skuli falla til ríkisins.

Dómurinn styðst við austurrísk lög, sem taka sérstaklega til allra fyrrverandi félaga nazistaflokksins.

Ekki gat rétturinn fallið á kröfu verjandans, að enginn úrskurður yrði felldur fyrr en fyrir lægi úrskurður um, hvort Hitler væri lífs eða líðinn. Ekki tiltók rétturinn heldur, hverjar væru eigur Hitlers í Austurríki. — Reuter-NTB.

## Þrjú hundruð hreindýr til Grænlands

ÓSLÓARBORG, 5. sept. — Eftir langa máðu hafa tekið samningur um flutning 300 norskra hreindýra til Grænlands.

Dýrin, sem danska ríkið kaupir, verða send með dönsku skíri hinn 12. sept. Ef allt gengur að óskum, ætti skipið að ná til Góðvonar í endaðan mánuðinn. Fjórir norskir hreinirðar og 4 hundrar fylgja hjörðinni og dveljast vetrarlengt á Grænlandi.

DUBLÍN — Lokið er prentaravorkfalli því, sem hefur verið hér í borg undanfarnar sex vikur. Ekkert blað hefur komið út síðan í júlí.